

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. desember 2016

**Efni: Umsögn um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.**

Samtök atvinnulífsins leggja eindregið til að frumvarpið verði að lögum.

Forsenda friðar á vinnumarkaði á komandi árum er að Alþingi lögfesti frumvarpið sem jafnar lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er lögfesting þess lokapunktur í ferli sem hófst með gerð stöðugleikasáttmálans árið 2011 og áralöngu nefndarstarfi aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda í kjölfarið þar sem allir aðilar voru sammála um markmiðin en lokafrágangur tillagna strandaði á ágreiningi um útfærslur.

Verði frumvarpið ekki lögfest fyrir áramót mun mótframlag ríkis og sveitarfélaga í lífeyrissjóði sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar (sveitarfélög) að óbreyttu hækka um 5% um næstu áramót. Sama hækkun mótframlags mun bæði ganga yfir opinber hlutafélög og starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem eru félagsmenn stéttarfélaga á almennum markaði. Taki þessar hækkanir gildi verða markmið um jöfnun lífeyrisréttinda milli markaða enn fjarlægari en áður og munu fyrirsjáanlega leiða til nýrrar lotu krafna og átaka um jöfnun lífeyrisréttinda.

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem gerðir voru á árinu 2015, og gilda til ársloka 2018, eru ákvæði um endurskoðun á forsendum þeirra í febrúar 2017. Verði af hækkun mótframlags ríkis og sveitarfélaga kemur hún til skoðunar við mat á því hvort launahækkanir samninganna 2015 hafi verið stefnumarkandi.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri